



Viðmiðunarreglur Sveitarfélagsins Skagafjarðar um greiðslur vegna styrkja til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks.

Sveitarfélagið Skagafjörður greiðir styrki samkvæmt afgreiðslu teymi fagfólks. Styrkir ráðast af því fjármagni sem til ráðstöfunar er samkvæmt fjárhagsáætlun ársins.

1. gr.

Fjárhæð styrkja frá og með 1. janúar 2020 miðast við:

- a. *Náms- og skólagjöld*
Greitt er að hámarki kr. 150.000 á ári en aldrei meira en 75% af útlögðum kostnaði.
- b. *Tómstundanámskeið* skulu að hámarki styrkt um kr. 50.000 á ári en þó aldrei meira en 50% af útlögðum kostnaði.
- c. *Tölvukaup*
Greitt er að hámarki kr. 120.000 en þó aldrei hærra en 75% af útlögðum kostnaði.
- d. *Verkfæra og tækjakaup*
Hámark kr. 300.000 en aldrei meira en sem nemur 75% af útlögðum kostnaði.

2. gr.

Greiðslur þessar eru samþykktar af Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar, með vísan til 27. grein laga nr. 59/1992 um heimild til að veita fötluðu fólki aðstoð vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar og gildir frá og með 1. janúar 2020.